

Niðurstöður foreldraþings Austurbæjarskóla, haldið í nóvembermánuði 2018.

Úrvinnsla og ut anumhald: Oddný Sturludóttir og Sigríður Nanna Heimisdóttir

Viðfangsefni var gildið *velliðan*. Unnið var með gildið í fjórum hlutum, sjá hrágögn.

Niðurstöður stuttrar könnunar sem gerð var um hvern þátt gildisins *Velliðan*

Velliðan felst í góðum skólabrag þar sem gleði, traust, vinsemd og virðing endurspeglast í daglegum samskiptum

Spurt var: Hvernig metur þú stöðuna í dag með þessa framtíðarsýn í huga?

11% eru mjög sammála
56% eru sammála
33% eru ekki viss

Austurbæjarskóli er heilsuseflandi grunnskóli þar sem lögð er áhersla á andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði í skapandi og hlýlegu námsumhverfi

Spurt var: Hvernig metur þú stöðuna í dag með þessa framtíðarsýn í huga?

5% eru mjög sammála
28% eru sammála
56% eru ekki viss
11% eru ósammála

Markvisst er unnið að því að efla sjálfsmynd nemenda og seiglu. Lögð er áhersla á jafnrétti, jákvæð samskipti og unnið er gegn fordómum og einelti

Spurt var: Hvernig metur þú stöðuna í dag með þessa framtíðarsýn í huga?

41% eru sammála
47% eru ekki viss
12% eru ósammála

Í skólanum ríkir samhugur um gildi og sýn sem stuðlar að sterkri skólamenningu þar sem allir, jafnt nemendur, starfsfólk, foreldrar og frístundafólk bera hag skólans fyrir brjósti og eru á leið í sömu átt.

Spurt var: Hvernig metur þú stöðuna í dag með þessa framtíðarsýn í huga?

18% eru sammála
82% eru ekki viss

18 foreldrar svöruðu könnun. Það er ekki stór hópur en svörin gefa þó ákveðnar vísbendingar.

Heildarniðurstöður – samandregið um gildið *velliðan*

Góður skólabragur, gleði og vinsemd

Hvaða **viðhorf** þarf skólasamfélagið að tileinka sér til að styðja við þessa sýn um gleði og vinsemd?

Allir temji sér jákvætt orðfæri
Jákvæð viðhorf allra í skólasamfélaginu
Að talað sé um kærleika, samkennd, vináttu sem dyggð
Að hlustað sé á börn, að borin sé virðing fyrir skoðunum þeirra
Að blanda betur bekkjum, skipta þeim upp á námsvegferðinni
Að finna leiðir til að ná betur til foreldra af erlendum uppruna, tengja ólíka foreldrahópa saman
Vinaliðaverkefni má efla og víkka út
Móttöku nemenda, sérstaklega af erlendum uppruna, má bæta.
Í skólasamfélaginu sé lögð áhersla á að brosa, mæta nemendum af virðingu og heildinum
Að stjórnendur sendi út hvetjandi og markviss skilaboð um hvert skólinn stefnir, svo fólk geti fylgt sér á bakvið hana.
Að allir láti af baktali, horfi frekar til framtíðar
Að kennarar og börn öskri ekki

Hvaða **aðgerðir/verkefni** gætu stutt við þessa sýn um gleði og vinsemd?

Vinahópar, vinahópar þvert á bekki, vináttupör milli árganga, vináttudagar
Bekkjarkvöld, sameiginlegir viðburðir árganga/bekkjja,
Foreldrar þurfa stuðning og velvilja frá skóla/kennurum til þess að standa fyrir viðburðum
Efla fjölmeningartengslin með ráðum og dáð
Foreldrar hafi vettvang til að hafa samskipti og ræða mál sem varða börnin
Heimasíða innihaldi myndir af starfsliði, svo foreldrar geti parað saman nöfn og andlit
Fréttabréf frá skóla, persónuleg, glaðleg, litrík, með myndum og hvetjandi skilaboðum frá stjórnendum og starfsliði
Upplýsingar um hlutverk bekkjarfulltrúa á vef
Starfsfólk sem sinnir öðru en kennslu (skólaliðar) séu boðnir og búnir til að aðstoða börnin, séu þeirra bandamenn.
Foreldrar hvetji börn til að kynnast öllum, hvetji til þess viðhorfs að allir hafi góða kosti

Hvaða **viðburðir** gætu stutt við þessa sýn um gleði og vinsemd?

Vinahópar, bekkjarskemmtanir, viðburðir fyrir allan skólann
Gleðidagar, hrósadagar

Samsöngur
Samkomur og skemmtanir sem börn skapa sjálf
Fjölgreindarleikar, keppni í alls konar greinum og skemmtilegheitum
Teacher Appreciation Day, að bandarískri fyrirmynd

Hvernig **virkjum við börn og unglinga** til að þessi sýn verði að veruleika?

Hugtök kynnt, hvað eru góð samskipti?
Jákvætt orðfæri, allir séu me á nótunum um hvað það er
Gefa börnum meiri ábyrgð, efla með þeim frumkvæði
Hvetja þau til að hrósa, ganga á undan með góðu fordæmi

Hvernig geta **foreldrar** haft áhrif á að þessi sýn verði að veruleika?

Staðið fyrir *Teacher Appreciation Day*
Foreldrar hvetji hverja aðra til að hrósa því sem vel er gert
Hrósa góðu þróunarstarfi (skóli þarf að segja frá góðu þróunarstarfi svo þetta sé gerlegt)
Búa til vinafjölskyldur, foreldrakeðjur, vinakeðjur
Minnast afmæla eða annarra viðburða í sögu skólans
Gæta þess að allir viti af viðburðum
Bekkjjarfulltrúar séu virkir, eða finni staðgengil
Tala skólann upp, út á við og inn á við
Hvetja börnin til að skapa sér rými, hafa áhrif

Góður skólabragur, traust og virðing:

Hvað geta foreldrar gert til að efla **traust og virðingu** í skólasamfélaginu?

Tala fallega um skólann, starfsfólk hans og starf, heima fyrir sem og annars staðar
Setja kennarann á „stall“ og hrósa fyrir það sem vel er gert og þakka fyrir upplýsingar sem veittar eru
Taka þátt í starfinu, vera virk og vera í góðu sambandi við kennara
Gera börnunum grein fyrir ábyrgð þeirra

Hvað þarf að breytast í Austurbæjarskóla (skóla og frístund) til að **traust** geti vaxið og **virðing** aukist?

Kennarar verða að læra á og nota Mentor
Treysta nemendum í náminu, fela þeim stærri verkefni, lyfta upp námsferlinu og því sem þau eru að vinna að, gera hugsun þeirra sýnilega og verkefnin um leið
Leyfa nemendum að stýra og stjórna eigin foreldraviðtölum (student-led-conference)

Kennarar upplýsi um það sem miður fer, á uppbyggilegan hátt, komi með tillögur að úrbótum í samvinnu við foreldra
Gagnkvæm virðing – milli allra
Aukið samtal milli heimilis og skóla
Kennarar sýni nemendum virðingu – og öfugt
Jákvæðni
Fela starfsfólki í félagsmiðstöð umsjón með þáttum í námi unglunga, í því sem þeirra styrkleikar liggja: Lýðræði, félagsstarf, sjálfsmynd, kynvitund, samfélagsmiðlar, vinátta.
Starfsfólk í félagsmiðstöð sinni kennslu valgreina, byggt á þeirra styrkleikum
Fréttabréf send út reglulega, með myndum, fréttum úr starfinu, kynningu á starfsfólki (persónulegt, glaðlegt, myndir)
Skilaboð frá skóla séu persónulegri, þetta er heimili barnanna á daginn, þeirra skóli og samfélag
Skapa fleiri tækifæri til að mynda samhug og samstöðu um gildin, í ræðu og riti alls starfsfólks
Hafa gildi skólans neðst og „fast“ í öllum töluvpóstum frá skólanum
Treysta unglungum til þess að hafa áhrif á eigið umhverfi, t.d. risið, að þau fái að reka sjoppu þar eða annað sem valdeflir þau
Treysta nemendum til að hafa meiri áhrif á nám sitt og innvinkla foreldra í það
Að nemendur setji sér eigin námsmarkmið og þau séu sýnileg
Skólinn bæti upplýsingagjöf, t.d. ef kennarar eru mikið frá og ef nýir nemendur (og foreldrar) bætast við á miðjum vetri
Metnaður og ástríða, frumkvæði og elja
Hlusta á börnin, leyfa þeim að finna að þau geti haft áhrif á skólann sinn, eigið nám og félagslíf
Krakkar fái tíma til að klæða sig eftir sund og leikfimi
Traust milli kennara og yfirstjórnar þarf að vera til staðar, viðnám gagnvart breytingum er of mikið, kennarar verða að axla ábyrgð en allir verða að líta í eigin barm
Hafa skólastofur opnar á morgnana og yfir daginn, skapa traust til barnanna
Meiri samvinnu og samtal og traust milli skóla, frístundar og nemenda

Hvaða viðburðir eða verklag gætu aukið **traust og virðingu** í skólasamfélaginu?

Bætt upplýsingaflæði, foreldrar og nemendur upplýstir um það sem er í gangi
Einnig persónulegri skilaboð, sameinandi skilaboð, hvatning, samstaða
Nota Mentor, allir verða að nota Mentor
Fá starfsfólk úr frístund til að sinna lífsleiknikennslu, nýta þeirra styrkleika, það gefur góða „við“ tilfinningu og myndi binda saman fólk í skólasamfélaginu og auka traust
Fá starfsfólk úr félagsmiðstöð til að sinna alfarið félagsstarfi fyrir unglunga, líka innan skólans
Verðlauna og deila upplýsingum um góð verkefni
Samráðsfundir
Alltaf upplýst ef nýr nemandi/ný fjölskylda kemur í bekk/árgang.

Hvernig **virkjum við börn og unglunga** til að þessi sýn verði að veruleika?

Styðja þau til valdeflingar, til að vera fyrirmyndir (þau eldri), til að hafa áhrif, treystum þeim, styðjum við þau til að þau geti risið undir trausti – þetta er þeirra skóli og samfélag

Nemendur geri fréttabréf

Nemendur sjái um risið, sjái um viðburði og skemmtanir

Hvetja þau til að hafa skýra sýn á hvernig skólinn þeirra sé

Styðja þau í að gera kröfur og að það sé borin virðing fyrir þeim

Hvetja þau til að taka ábyrgð, fela þeim ábyrgð

Að eldri axli ábyrgð á yngri

Heilsueflandi grunnskóli, andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði

Hvaða **aðgerðir/verkefni** eru nauðsynleg til að efla andlegt, félagslegt og líkamlegt heilbrigði barna og unglunga í Austurbæjarskóla?

Hollur, lítið unninn skólamatur, að börn geti valið, að börn geti skammtað sér sjálf, ávextir í frímínútum, hafragrautur á morgnana, að börn hafi tíma til að nærast, það er félagsleg iðja, að kennarar borði með börnum, að eldri nemendur borði með þeim yngri

Stöðugt aðgengi að hjúkrunarfræðingi eða sálfræðingi

Vinahópar, tómsundahópar

Banna snjalltæki og síma, efla raunsamskipti með ráðum og dáð

Fallegra og hlýlegra umhverfi, skapandi og kósý

Nýta rými óhefðbundið, pullur, kósý, sófar, lestrarkósýhorn

Nýta ris fyrir hópastarf, nám og annað

Sýnileg áhersla á andlega heilsu, ekki bara íþróttir og sund

Samfella í geðrækt öll árin

Efla hugsun í námsferlinu, auka veg samræðna

Taka skólann hans Barbapabba til fyrirmyndar

Efla samþættingu, t.d. hreyfing + samfélagsfræði, samþætta listgreinar við aðrar greinar

Nálgast heilbrigði frá mörgum hliðum

Treysta nemendum til að setja sér eigin námsmarkmið

Byggja upp verkefni sem byggja á áhugasviði nemenda = eflir vellíðan og helgun í námi

Möguleiki á íþróttum og hreyfingu á útisvæði, t.d. hjól, hlaupahjól, bretti

Útielldhús í Draumalandi

Listgreinar, skák, tónlist

Slökun, tól og tæki

Hverju þarf að breyta í Austurbæjarskóla til að **námsumhverfið** verði **skapandi og hlýlegt**?

Fleiri listgreinar, tónlistarkennsla í skólanum, samþætta listgreinar með öðrum greinum, skapandi kennsluhættir, fjölbreyttari aðferðir til náms, markvissari notkun á skapandi aðferðum
Unglingar verði valdefldir til að hafa áhrif á umhverfi sitt, t.d. risið
Fjölbreytni í frímínútum, hreyfiaðstaða, rækta grænmeti
Snyrtilegra, meira kósý, plöntur í stofum á göngum sem börn beri ábyrgð á sjálf
Húsgögn, borð og stólar sem hæfa stærð barna
Bæta klósettaðstöðu
Hægt að fara úr skóm við útidyr, ekki blaut gólf
Lyfta upp hugsun barnanna, gera hana sýnilega, gera námsferlið sýnilegt
Þjóðfánar og setningar sem tilheyra öllum þjóðum barna í skólanum, sýnilegt á veggjum, landakort etc.
Minna um stóla og borð, meira af pullum og púðum, kósý og notalegt, sumir læra ekki við borð öllum stundum
Virkja eldri nemendur til að hjálpa yngri nemendum, í matsal, í frímínútum, í viðburðum, í náminu

Hvernig virkjum við börn og unglunga til að þessi sýn verði að veruleika?

Börn axli ábyrgð, taki til á skólalóð, flokki og endurvinni, tengja það við nám
Virkja eldri nemendur markvisst til að aðstoða þau sem eru yngri
Hafa börn meðlimi í umbótahópum skólans
Finna farvegi fyrir hugmyndir barna
Börn gefi út fréttabréf, á hverju aldurstigi, velja börn og blanda vel
Gefa þeim færi á að hanna og móta umhverfi sitt, t.d. í risi
Búa til lista yfir það sem þau vilja
Á mörgum stöðum geta nemendur haft meiri áhrif, það þarf að finna farvegi fyrir raddir þeirra

Hvert er hlutverk foreldra í að tryggja þessa framtíðarsýn?

Styðja börn til heilbrigðs lífnis
Hvetja foreldra til virkni, vera í starfshópum sem hrinda hlutum í framkvæmd
Vinahópar, vinapör fjölskyldna
Styðja við foreldra sem vilja sýna frumkvæði, t.d. Mjási í 7. bekk
Hetja börn til að leita til sérfræðinga um andlega líðan, að það sé ekki skömm
Hvetja börn til að fara í sturtu
Hvetja börn til að hugsa um skóla sem vinnustað, sem þau hafi áhrif á
Tala fallega um skólann
Leikur í bland við verkefni, allir hlusta og tala, foreldra og börn
Skýrari samskiptaleiðir milli foreldra og kennara
Skýra betur hvað felst í samtali og samstarfi milli heimila og skóla, þetta er of þokukennt
Skýr skilaboð þarf frá stjórnendum um hvernig stefna skólans á að birtast, foreldrar vilja heyra þau skilaboð svo þeir geti markvisst stutt við framgang skólans

Sjálfsmynd og seigla, jafnrétti, jákvæð samskipti og unnið gegn fordómum og einelti

Hvaða **viðhorf** eru mikilvæg til að þessi framtíðarsýn verði að veruleika?

Efla lífsleikni

Stuðla að því að krakkar eigi í sem mestum samskiptum

ýta undir nemendur sem ekki eru góðir í bóklegum greinum

Styrkja samtalið við frístund, nýta styrkleika frístundar fyrir öll börn

Hugarfar vaxtar, allir geta bætt sig

Ræða sjálfsmynd og að setja mörk

Skýr, sýnileg markmið um nám og kennslu, hugsun og stefnu

Foreldrar styðji við skólann þegar börn eru þjálfuð í seiglu, kvarti ekki undan meintu harðræði

Samhugur mikilvægur hjá öllu starfsfólki og stjórnendum um hvernig unnið skal með þetta

Virkja krakkana til að beita hugsun sinni, í námi, í félagsstarfi, í lífinu almennt

Treysta nemendum

Hvaða **aðgerðir/verkefni/viðburðir** gætu eftt sjálfsmynd og seiglu barna og unglunga í Austurbæjarskóla, frístund og félagsmiðstöð?

Styrkja tjáningu nemenda, samræðu, rökræður, hugsun, koma fram og tala fyrir hópi

Auka samstarf skóla, 100og1 og Draumalands, t.d. ef verið er að vinna m. samskipti í bekk

Tengja frístund og skóla, búa til ferli þar á milli, brúa gjána

Styðja við nemendur af erlendum uppruna, með móðurmál, tungumál í frístund og skóla, hvetja foreldra og börn – efla tengsl milli hópa

Kalla inn fagfólk í sjálfsmynd og seiglu til að þjálf og efla starfsfólk

Vinna með reynsluheim nemenda af erlendum uppruna, sbr. menningarmót

Tala jákvætt um skóla, námsefni, frístund

Leggja áherslu á lífsleikni, stuðla að aðgerðum sem minnka kvíða

Leggja fyrir *áhuga-skönnun*

Nemendalýðræði – nemendur hafi rödd, efling nemendaráðs

Kennsluaðferðir byggja á áhugasviði barnanna

Hverju þarf að breyta í Austurbæjarskóla til að **jafnrétti og jákvæð samskipti** endurspeglast í daglegu starfi?

Draga úr/banna símanotkun, efla raunsamskipti

Vinahópar

Brosa meira, einfalt en þýðingarmikið, móttaka barna, mikilvægt að hún sé í lagi

Starfsfólk baktali ekki stjórnendur, stefnu stjórnvalda eða aðra nemendur og foreldra í foreldraviðtölum

Jákvæð orðræða
Fólk hafi samskipti á jafningjagrundvelli

Hvernig sköpum við tilfinningu meðal allra barna um að þau **tilheyri** skólasamfélaginu?

Skapa alþjóðlegra umhverfi, fjölmennigarlegra umhverfi sem tekur mið af reynsluheimi nemenda og barna – hægt að gera í frístund þar sem er meiri tími í samveru – en líka í skólanum.

Sækja í góðar fyrirmyndir um hvernig má efla tengsl milli barna af ólíkum uppruna

Fjölmeningin er lykilatriði hér

Samvinna milli frístundar og 100og1 og skólans – allir í sama liði, frjáls samskipti þar á milli smitast inn í skólann á jákvæðan hátt

Hvernig **virkjum við börn og unglinga** til að þessi sýn verði að veruleika?

Tengsl valds og ábyrgðar

Gefa nemendum meiri ábyrgð í formi verkefna, í námi sem og utan hefðbundins náms / lykilhæfnipættirnir

Samhugur um gildi og sýn, sterk skólamenning, allir bera hag skólans fyrir brjósti, eru á leið í sömu átt

Hvaða **viðhorf** eru mikilvæg til að styðja við þessa sýn?

Hefð og saga, ekki glata henni, en skapa líka nýjar hefðir, leyfa hefðum að þróast
Tengja betur milli frístundar og 100og1

Jákvæðni, góð samskipti, samtal, virkja alla með

Hjálpa nemendum að finna tilgang og hlutverk inni í skólanum

Samtal utan námsefnis, samtal um markmið, lykilhæfnipætti, að læra að læra, að vaxa að þroskast

Fá eldri nemendur til að hjálpa, fá alla nemendur til að axla ábyrgð á verkefnum

Hvaða **aðgerðir/verkefni** gætu stutt við þessa sýn?

Skapa nýjar hefðir, leikrit, uppákomur, skólasöngur

Valdefla kennara til að hlúa að barnamenningu

Fastráða tónlistarkennara

Sýna afrakstur nemenda, vinnu nemenda, lyfta upp námsferlinu

Hrósaðgerðir – foreldrar, kennarar, nemendur, stjórnendur – endurgjöf á alla kanta

Vinabekkir – þvert á, á milli, alls staðar

Hvaða **viðburðir** geta stutt við þessa sýn?

Bekkjarkvöld

Félagslíf í skólanum, tónleikar, dans, jólaföndrið

Tileinka ákveðna daga eldri starfsmönnum og kennurum, t.d. heiðra Vilborgu

Dagbjarts

Jólaföndur tengist betur skólanum og fjölmeningunni

Tónlistarviðburðir á vegum nemenda

Hefðir – reglulegir viðburðir – fast í prógramminu – allir með

Eldri nemendur setji upp viðburði með yngri

Pemavikur – unnið þvert á bekki – allur skólinn saman

Verkefni sem börn fara með heim, virkja foreldra í samtalinu – ekki bara fylla í eyðublöð eða klára verkefni

Hvernig virkjum við **börn og unglina** í tengslum við þessa
framtíðarsýn?

Eldri nemendur bera ábyrgð á þeim yngri

Leyfa þeim að skipuleggja viðburði – t.d. Mjási í 7 . bekk, fyrirmyndarverkefni.

Sýnilegir viðburðir – afrakstur nemenda bæði innan og utan skóla

Samvinna milli nemenda – eir fái að taka að sér verkefni inni í skólanum, vinni saman – utan skólaverkefna.

Hvernig geta **foreldrar** haft áhrif á að þessi sýn verði að veruleika?

Taka þátt og vera með, efla samkennd

Tala vel um skólann – vel um menninguna

Dæla hrósi á skólann og kennarana

Sýna öllu áhuga sem skólinn/barnið er að gera – taka samtalið við barnið –en fá hvatningu til þess frá kennurum og leiðsögn

Hjálpa til við að efla ímynd skólans út á við – ekki taka undir illt tal um skólann.